

AÐALFUNDUR 2017  
Ávarp stjórnarformanns

## Aðalfundur Íslandsbanka 23. mars 2017

### Friðrik Sophusson, stjórnarformaður



### Kæru aðalfundargestir

Íslandsbanki fagnar góðu ári í fyrra enda var árið 2016 viðburðarríkt í rekstri bankans. Í lok ársins hófust flutningar í nýjar höfuðstöðvar bankans í Norðurturni í Kópavogi og var þá 20 ára sögu bankans á Kirkjúsandi lokið. Bankinn á þó lóðina og því spennandi þróunarverkefni í vændum.

Hagnaður bankans eftir skatta nam 20,2 milljörðum króna og arðsemi eigin fjár var 10,2%. Hagnaður af reglulegri starfsemi var 15,1 milljarður króna og arðsemi eigin fjár af reglulegri starfsemi var 10,7% miðað við langtímamarkmið um eigin fé. Vaxta og þóknunatekjur jukust en kostnaðarhlutfall hækkaði á síðasta ári meðal annars vegna launahækkana, en þá kom einnig til einkiptiskostnaður vegna afskrifta á gömlum höfuðstöðvum bankans. Í lok ársins var greiddur út sérstakur arður að fjárhæð 27 milljarða króna til viðbótar við 10 milljarða króna, sem aðalfundur síðasta árs samþykkti. Samtals fékk ríkissjóður því 37 milljarða króna í arðgreiðslur á síðasta ári.

### Bankaskatturinn

Íslandsbanki greiddi 10,2 milljarða í skatta árið 2016 og þar af nam tekjuskattur 5,2 milljörðum. Sérstakur bankaskattur nam 2,8 milljörðum en sá skattur var tímabundin ráðstöfun til að fjármagna leiðréttingu íslenska ríkisins á húsnæðislánum. Talið er að leiðréttingin hafi kostað um 80 milljarða króna og því hefur sértæk skattlagning á fjármálageirann ásamt stöðugleikaframlagi slítabúa þegar skilað þeirri upphæð og gott betur.

Nýlega kom fram í riti Samtaka fjármálafyrirtækja að skattar á borð við bankaskattinn rýra eignarhlut íslenska ríkisins í fjármálakerfinu um 150 milljarða króna að minnsta kosti. Bankaskattur lækkar arðsemi bankans um 3 prósentustig. Það þýðir að

ef markmiðið er að ná 10% arðsemi þá lækkar bankaskatturinn arðsemina í 7%. Hingað til hefur þessi skattlagning ekki skilað sér í verðlagningu til neytenda en ljóst er að slíkt þarf að skoða ef bankaskattur verður ekki afnuminn eða lækkaður verulega.

Sé horft til nágrannalanda sem við berum okkur iðulega saman við þá er skattbyrði án bankaskatts með mesta móti hér á landi en með bankaskatti er skattbyrðin fjórum sinnum þyngri og munar um minna.

Ekkert réttlætir bankaskattinn lengur. Stjórnvöld verða því að afnema hann eða lækka verulega. Það er afar mikilvægt að gefa fjárfestum vissu um þróunina á skatthlutfallinu. Annars mun þessi skattur hafa veruleg áhrif á möguleika á sölu bankans og það verð sem ríkið gæti fengið fyrir hann. Þar að auki rýrir skatturinn verulega samkeppnismöguleika íslensku bankanna

## Samkeppni og regluverk

Stundum heyrir rætt um skort á samkeppni á fjármálamörkuðum hér á landi. Í því sambandi er vert að benda á að hlutdeild íslensku bankanna er einungis um 50% í útlánum til fyrirtækja og húsnæðislánum til einstaklinga. Erlendir lánveitendur, sem búa við lægri skatta og minni eiginfjárbindingu, eru fyrirferðarmiklir á fyrirtækjamarkaði þótt lánastarfsemi þeirra einskorðist fyrst og fremst við einstaka geira og stærri fyrirtæki. Þá hafa lífeyrissjóðirnir komið inn á húsnæðislánamarkaðinn af fullum krafti og samkeppnin því aukist mikið. Að öðru jöfnu er ástæða til að gleðjast yfir aukinni samkeppni. Því er ekki fyrir að fara í þessu efni, því að samkeppnisaðilarnir greiða ekki sambærilega skatta né búa við jafnkostnaðarsamt regluverk og skýrir það vöxt í hinni svokölluðu skuggabankastarfsemi.

## Stærð bankakerfisins og fjárfestingabankastarfsemi

Nú þegar stærsti hlutinn í bönkunum þremur er í eigu ríkisins vakna ýmsar hugmyndir um endurskipulag á bönkunum. Það er áhugaverð umræða – sérstaklega í ljósi þess hversu hratt bankaþjónusta er að þróast. Rætt er um hvernig bæta megi íslenska bankakerfið og lágmarka áhættu starfseminnar. Það er þó misskilningur, þegar því er haldið fram að tengja þurfi hagræðingu og breytingar á bankakerfinu við breytingar á eignarhaldi bankanna. Ríkið getur auðvitað sett lög og reglur um starfsemi banka óháð eignarhaldinu.

Þótt viðskiptabankar teljist stórir á innlandan mælikvarða þá eru þeir litlar einingar á alþjóðlega vísu og í raun óhagkvæmar. Með aukinni samkeppni frá erlendum fjármála- og tæknifyrirtækjum er nauðsynlegt að við reukum hér hagkvæmar einingar. Ef við berum okkur aftur saman við nágrannalöndin þá hefur íslenska bankakerfið minnkað úr rúmlega áttfaldrí landsframleiðslu árið 2008 niður undir tvöfalda landsframleiðslu í lok 2015 Kerfið hefur því minnkað um 80%. Samkvæmt þeim mælikvarða og er nú hóflegt að stærð í samanburði við bankakerfin annars staðar á Norðurlöndum.

Umræða um aðskilnað viðskiptabanka- og fjárfestinga-bankastarfsemi hefur verið áberandi á undanförunum árum. Í þessum efnum ættu menn að stíga varlega til jarðar og nauðsynlegt er að umræðan sé vel upplýst. Íslandsbanki býður upp á alhliða bankaþjónustu og fjárfestingabankastarfsemi er hluti af þeirri þjónustu. Áhætta í bankastarfsemi virðist í almennri umræðu oftast vera tengd við þá hlið starfseminnar. Fjárfestingabankinn er hins vegar eingöngu um 3% af efnahagsreikningi bankans. Flest fyrirtæki nýta sér einhvers konar fjárfestingarbankaþjónustu eins og gjaldeyrisviðskipti og skuldabréfafjármögnun.

Forstjóri Fjármálaeftirlitsins sagði frá því fyrir skömmu að von væri á breytingum í þessum efnum á næsta ári, þegar kynnt verður til sögunnar frumvarp, sem byggir á tilskipun Evrópusambandsins. Í máli hennar kom fram að afmarka má fjárfestingar-bankastarfsemina innan fjármálafyrirtækjanna, en fyrst þarf að skilgreina nákvæmlega hvað telst til þeirrar starfsemi. Síðan má lágmarka áhættu til að koma í veg fyrir að tjón af fjárfestingabankastarfseminni falli á innstæðueigendur og skattgreiðendur. Það eru hluthafar og þeir sem veitt hafa víkjandi lán, sem taka á sig skellino. Svo má ekki gleyma því í þessari umræðu, að í bankakreppunni fyrir tæpum áratug féllu bankar sem eingöngu sinntu viðskiptabankastarfsemi rétt eins og fjárfestingabankarnir. Aðalatriðið er að regluverkið verði með sama hætti og á evrópska efnahagssvæðinu, þannig að íslensku bankarnir búi við sambærileg starfsskilyrði.

## Eignarhaldið

Það er alkunna að umfang eignarhalds íslenska ríkisins á bönkunum er hlutfallslega miklu meira en tíðkast annars staðar. Því er stundum haldið fram að bankarekstur sé áhættuminni og ekki þurfi að óttast áföll, ef bankar eru í ríkiseigu. Þetta er auðvitað alrangt. Íslenska ríkið þurfti að leggja fjármuni til eins ríkisbankans á tíunda áratug síðustu aldar og víða erlendis voru ríkisbankar einkavæddir, því að opinbert eignarhald hafði verið ein algengasta orsök fjármálakreppu í löndunum.

Íslandsbanki á sér langa sögu sem einkabanki. Hann varð til með sameiningu þriggja einkabanka og Útvegsbankans árið 1990 áratug áður en Landsbankinn og Búnaðarbankinn voru einkavæddir. Nafnið var sótt til Íslandsbankans eldri, einkabanka, sem var forveri Útvegsbankans og stofnaður 1904.

Það er eindregin von mín að Íslandsbanki verði aftur öflugur einkabanki. Í því sambandi er full ástæða til að fagna því, sem kemur fram í eigendastefnu ríkisins fyrir fjármálafyrirtæki, þar sem segir að stefnt sé að því að selja allan eignarhlutinn í Íslandsbanka. Og ég tek undir þau viðhorf fjármálaráðherra, að það sé beinlínis óæskilegt og óþarft að ríkið eigi banka, sem standi í samkeppni við einkarekna banka bæði vegna samkeppnissjónarmiða og eins vegna ríkisaðstoðarreglna. Íslandsbanki hefur á undanförunum árum undirbúið sig undir sölu og er tilbúinn þegar kallið kemur.

## Staða efnahagsmála góð

Staða efnahagsmála er óvenju góð um þessar mundir. Hagvöxtur síðastliðins árs er með því mesta sem mælst hafa hér á landi og hagvaxtarskeiðið er orðið langt í sögulegu ljósi. Kaupmáttur launa er nú meiri en við höfum áður séð. Atvinnuleysi er lítið og atvinnuþátttaka mikil. Þá hefur eignastaða heimilanna vænkast verulega.

Hraður hagvöxtur og langt hagvaxtarskeið eru farin að reyna nokkuð á þanþol hagkerfisins. Einkennin eru sýnileg bæði á vinnumarkaði og eignamarkaði. Skortur er á vinnuafli á ýmsum sviðum, laun hafa hækkað hratt og vaxandi hluta vinnuafslþarfar er nú mætt með innflutningi vinnuafsls. Íbúðaverð hefur hækkað mikið undanfarið og meðalsölutími eigna er með því stysta sem sést hefur. Þetta eru greinileg merki um þenslu á húsnæðismarkaði. Orsakirnar eru margar og samverkandi.

Þrátt fyrir vaxandi þenslu í efnahagslífinu hefur verðbólga haldist lítil og gott ytra jafnvægi verið á hagkerfinu. Verðbólgan hefur haldist við verðbólgu markmið í þrjú ár og er það sögulegur árangur á sviði stjórnunar peningamála hér á landi. Einnig er það sérstakt að nú, þegar við erum komin á sjöunda ár uppsveiflu, að það sé enn mikill afgangur af utanríkisviðskiptum. Ástæðan er fyrst og fremst mikill vöxtur í ferðaþjónustu, hagstæð viðskiptakjör og jákvæð erlend skuldastaða þjóðarþúsins.

Þessi góða staða hagkerfisins hefur skapað grundvöll fyrir afnámi fjármagnshafa, sem er afar mikilvægt skref í endurreisn hagkerfisins. Afnámið færir innlendan fjármálamarkað nær því að vera viðlíka því sem við sjáum í ríkjum, sem við viljum helst bera okkur saman við. Afnámið hefur þegar leitt til þess að erlendir langtímafjárfestar hafa ákveðið að taka þátt í uppbyggingu atvinnulífsins hér á landi. Þá hefur lánshæfismatsfyrirtækið S&P óvænt hækkað mat íslenska ríkisins og væntanlega munu önnur sigla í kjölfarið síðar á árinu.

Sveiflur í gengi krónunnar hafa verið sjálfstæð uppspretta efnahagssveiflna hér á landi. Hröð hækkan krónunnar undanfarið hefur veikt samkeppnisstöðu þeirra innlendu fyrirtækja sem helst keppa við erlend en aukið við spurn eftir vöru og þjónustu til innflutnings sem nú vex hratt. Það er verðugt verkefni að reyna að draga úr þessum sveiflum. Yfirlýsingar um aðgerðir stjórnvalda, endurskoðun peningastefnunnar og nýleg umræða um stöðugleikasjóð eru áhugaverð í því ljósi.

Efnahagshorfur eru samkvæmt spám bjartar hér á landi. Reiknað er með kröftugum hagvexti í ár og meiri en í flestum öðrum ríkjum þó að hann verði minni en á síðastliðnu ári. Einnig er spáð að verðbólgan haldist áfram innan marka, störfum fjölgi og árið í ferðaþjónustunni verði það stærsta frá upphafi.

Gamalt máltæki segir að það þurfi sterk bein til að þola góða daga. Þau vísdomsorð eiga vel við um þessar mundir, þegar í góðærinu reynir á þanþol hagkerfisins. Við verðum að gera okkur ljóst að við erum líklega stödd á hátindi hagsveiflunnar og þá er mest þörf á aðhaldi í efnahagsmálum. Við þessar aðstæður er mikilvægt að auka ekki útgjöld hins opinbera án þess að þeim sé mætt með niðurskurð annars staðar eða nýjum tekjum. Aldrei er brýnna en nú að ríkið standi í ístaðinu og greiði niður skuldir sínar til að standa betur að vígi, þegar niðursveiflan kemur.

## Tillögur til aðalfundar

Fyrir þessum fundi liggja tillögur í samræmi við hlutfélagalög og lög um fjármálafyrirtæki. Í fyrsta lagi leggur stjórn Íslandsbanka til að greiddur verði út arður til eigenda að fjárhæð 10 milljarðar króna, sem er tæplega 50% af hagnaði ársins 2016, en jafnframt er lagt til að stjórn megi kalla til sérstaks hluthafafundar síðar á árinu, þar sem tillaga um greiðslu viðbótararðs kann að verða lögð fram.

Í öðru lagi gerir Bankasýsla ríkisins, sem fer með eignarhald á bankanum, tillögu um að núverandi stjórnar- og varastjórnarmenn verði endurkjörnir. Í þriðja lagi er flutt tillaga þess efnis að Ernst og Young verði áfram falið að endurskoða reikninga félagsins.

Í fjórða lagi liggur fyrir tillaga um launakjör stjórnarmanna. Þar er lagt til að grunnlaun stjórnarmanna verði óbreytt eða kr. 400.000. Gert er ráð fyrir að formaður fái að auki kr. 300.000 eða 75% til viðbótar og varaformaður kr. 100.000 eða 25% álag. Fyrir nefndarstörf fá stjórnarmenn kr. 200.000 í stað kr. 100.000 áður, en formenn nefnda fá kr. 25.000 aukalega í stað kr. 50.000 áður. Greiðslur til varamanna verða kr. 200.000 fyrir hvern fund en að lágmarki kr. 400.000 á ári, en þó aldrei meira en kr. 400.000 á mánuði.

Í fimmta lagi liggur fyrir fundinum tillaga til starfskjarastefnu. Samkvæmt tillögunni er gert ráð fyrir smávægilegum breytingum, sem einkum lúta að því að bankinn semur ekki lengur um árangurstengdar greiðslur til lykilstarfsmanna. Samkvæmt starfskjarastefnunni skal á aðalfundi gera grein fyrir kjörum bankastjóra, framkvæmdastjóra og stjórnarmanna. Í því sambandi vísa ég til upplýsinga í skýringu nr. 86 í ársreikningi bankans.

## Íslandsbanki í fararbroddi í nýjungum

Á næstu árum má gera ráð fyrir talsverðum breytingum á rekstri fjármálafyrirtækja ekki síst vegna örra tæknibreytinga, sífellt nýrra væntinga viðskiptavina og breytinga á regluverkinu. Íslandsbanki vinnur að því að nota rafrænar lausnir í auknum mæli og mun að sjálfsögðu tileinka sér þær nýjungar, sem nauðsynlegar eru í nútímabankastarfsemi enda vill bankinn vera í fararbroddi í þessum eignum sem öðrum.

## Þakkir og lokaorð

Ég vil nota þetta tækifæri til að þakka öllum þeim, sem Íslandsbanki hefur átt samstarf við á árinu. Í því sambandi vil ég nefna starfsmenn og stjórn Bankasýslunnar, sem fer með eignarhald á bankanum. Einnig vil ég þakka starfsfólki Fjármálaeftirlitsins og Seðlabankans. Viðskiptamönnum bankans þakka ég tryggð og traust. Fyrir hönd stjórnarinnar flyt ég starfsmönnum og stjórnendum bestu þakkir fyrir metnaðarfullt og árangursríkt starf. Einkum þökkum við Birnu Einarsdóttur bankastjóra fyrir frábært samstarf, en hún hefur verið öflugur leiðtogi í daglegu starfi bankans. Sameiginlega ætlum við öll að efla starfsemi og bæta enn þjónustuna við viðskiptavini bankans á komandi árum.